# GJALDSKRÁ
**fyrir sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi.**

1. gr.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps er heimilt að leggja á sérstök sorphirðugjöld (sorphreinsunar- og sorpförgunargjald), sem innheimt verða með fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

*Sorphreinsunargjald:*

Árlegt gjald kr. 8.000 á íbúð en þar sem lítið sorp er kr. 5.000. Í gjaldinu eru innifaldir 50 pokar.

3. gr.

*Sorpförgunargjald* frá atvinnurekstri, sem notar gáma og/eða hefur aðgang að urðunar- og söfnunarsvæðum:

Árlegt gjald samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar miðað við magn og umfang úrgangs er sem hér segir:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Flokkur 1 | kr. | 4.000 | Flokkur 4 | kr. | 50.000 |
| Flokkur 2 | kr. | 10.000 | Flokkur 5 | kr. | 100.000 |
| Flokkur 3 | kr. | 25.000 | Flokkur 6 | kr. | 200.000 |

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá þessari er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar samkvæmt samþykkt um sorphirðu í Borgarfjarðarhreppi nr. 245/2000 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og öðlast gildi við birtingu.

*Borgarfirði eystri, 4. febrúar 2003.*

**Magnús Þorsteinsson** sveitarstjóri.